


29. apríl 2014

Verðlag hækkaði um 0,31% í apríl

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,31% í apríl en spár greiningaraðila lágu á bilinu 0,3-0,5%. Ársverðbólgan mælist 2,3% og er það þriðja mánuðinn í röð sem hún mælist innan verðbólguþröngu Seðlabankans. Ef horft er til verðbólgu án húsnæðis nemur hún 1,0% og endurspeglar það hve þungt húsnæðis- og leiguverð vegur um þessar mundir. Líkur eru á staðan breytist lítið næstu mánuði; í mesta lagi gæti verðbólgan farið í skamman tíma yfir markmið Seðlabankans en þar er miðað við 2,5%. Mælingin var í takt við okkar spá og vóg þyngst hækkun húsnæðisliðarins en hann hafði 0,24% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækkuðu flugfargjöld og eldsneyti, en báðir liðirnir höfðu 0,11% áhrif til hækkunar á vísitöluna. Til lækkunar vóg liðurinn matur og drykkjarvörur þyngst og hafði 0,09% áhrif til lækkunar en jafnframt lækkuðu gjaldskrár og höfðu 0,05% áhrif til lækkunar.

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV hækki um 0,2% í maí, 0,3% í júní og lækki um 0,3% í júlí við sumarútsölur. Ef sú spá raungerist mun ársverðbólga mælast 2,3% í júlí nk.

Helstu áhrifaþættir til hækkunar og lækkunar í apríl
- áhrif á VNV




Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Helstu atriði í apríl mælingunni:

- Húsnæðisliðurinn hækkar í takt við spá.** Líkt og undanfarin ár hækkaði húsnæðisliðurinn umtalsvert í apríl mánuði. Húsnæðisverð um land allt hækkaði milli mánaða um 1,46% og skýrir það að mestu leyti hækkun á reiknaðri húsaleigu um 1,42%, eða um 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Þessi þróun er í takti við okkar spá og teljum við að á næstu mánuðum muni koma fram enn frekari hækkun á húsnæðisverði. Ef lítið er til fyrsta ársfjórðungs hækkaði verð á húsnæði um land allt einungis um 1% og teljum við líklegt að hækkun á öðrum ársfjórðungi verði töluvert umfram það. Einnig hækkaði greidd húsaleiga um 0,74% milli mánaða og hafði 0,04% áhrif til hækkunar á VNV.
Áhrif í apríl: 0,24%
- Eldsneytisverð og flugfargjöld hækka.** Eldsneyti hækkaði um 2,63% í mánuðinum sem er nokkuð í takt við okkar spá og hafði því 0,11% áhrif á VNV til hækkunar. Flugfargjöld hækkuðu umfram áætlanir eða um 6,03% og höfðu því 0,11% áhrif til hækkunar á VNV. Mögulegt er að einhverjar hækkunir verði á flugfargjöldum á vormánuðum, áður en sumarútsölur hefjast, en liðurinn hefur hækkað um 6,6% frá áramótum. **Heildaráhrif í apríl: 0,22%.**

Áhrif flugliðarins á VNV í hverjum mánuði (%)



- **Föt og skór lækka.** Föt og skór lækkuðu um 0,74% í mánuðinum og hafði því 0,04% áhrif til lækkunar á VNV. Á hinn bóginn hækkðu húsgögn og heimilisbúnaður um 0,35% og hafði 0,02% áhrif til hækkunar á VNV. **Heildaráhrif í apríl: -0,02%.**
- **Matur og drykkjarvörur lækka.** Matur og drykkjarvörur lækkuðu um 0,61% og hafði liðurinn 0,09% áhrif til lækkunar á VNV en við áætluðum að áhrifin yrðu um 0,05%. Aftur á móti voru engin gengisáhrif að þessu sinni í innfluttum vörum s.s. ökutækjum og lítil áhrif til lækkunar á tólmstundarvörum enda hefur krónan nánast staðið í stað frá síðustu mælingu. **Heildaráhrif í apríl: -0,09%.**


Bráðabirgðaspá

Líkt og síðustu mánuði eru fáar vísbendingar um mikinn verðbólguþrýsting ef frá er talinn húsnæðisliðurinn. Eins og nefnt var í upphafi er ársverðbólga án húsnæðisliðarins 1,0% og er ekki annað að sjá í kortunum næstu mánuði en að húsnæðisliðurinn muni hækka eitthvað en að aðrir undirliðir hafi óveruleg áhrif til lækkunar. Við höldum spá okkar fyrir komandi mánuði óbreyttri en það byggir á því að gengið haldist stöðugt á næstunni, að eldsneytisverð haldist óbreytt og að húsnæðisliðurinn verði einn af fáum liðum sem muni hafa áhrif til lækkunar. Í skammtímaspánni hækkar verðbólgan í 2,6% í maí en lækkar síðan í 2,3% í júní og júlí.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Maí +0,2%.** Líklegt er að húsnæðisverð haldi áfram að hækka og húsnæðisliðurinn hafi um 0,15-0,20% áhrif til lækkunar á VNV í mánuðinum. Jafnframt má áætla að flugfargjöld hækki lítillega og hafi um 0,05% áhrif til lækkunar en að aðrir liðir vegi á móti til lækkunar.
- **Júní +0,3%.** Gert er ráð fyrir að húsnæðisliðurinn hafi um 0,1-0,15% áhrif til lækkunar í mánuðinum.
- **Júlí -0,3%.** Sumarútsölur hefjast í mánuðinum og hafa um 0,2-0,3% áhrif til lækkunar á VNV.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is
444-6910

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)